

Starfshópur um stefnumótun
Stykkishólmsbæjar í málefnum 60 ára og eldri.

9. fundur haldinn á Teams 25. nóvember 2021

Fundur hófst kl. 20:00.

Fundinn sátu:

Sumarliði Ásgeirsson formaður
Hanna Jónsdóttir
Ingveldur Eyþórsdóttir
Magnús Ingi Bæringsson tómstunda- og æskulýðsfulltrúi
Sigurbjartur Loftsson

Fundargerð ritaði: Magnús Ingi Bæringsson

1. Sigurbjartur Loftsson kynnti uppfærðar tillögur að nýtingu húsnæðis að Skólastíg. Umræða um að samkvæmt nýjum kröfum gæti þurft, við endurbætur að gera ráð fyrir loftræstikerfi í húsnæðinu. Í ljósi umræðu um að eldhúsið að Skólastíg gæti þurft að taka við sem eldhús fyrir allar stofnanir Stykkishólmsbæjar lagði Sigurbjartur fram tvær tillögur.
 - Tillögu miða við móttökueldhús.
 - Tillögu miða við eldhús sem þjónustað gæti allar stofnanir Stykkishólmsbæjar.Starfshópur óskaði eftir því að á teikningu með stærra eldhúsi yrði tekin út stækkun á einstaklings íbúð á jarð hæð. Til að leysa geymslu pláss fyrir einstaklingsíbúðir yrði skoðaður möguleiki á að setja upp geymsluskáp fram á gang. Rædd var einnig tillaga um að víxla eldhúsi og svefnrými í einstaklingsíbúðum og skoðaður yrði að koma við rennihurð inn í svefnrýmið? Fram kom í máli Sigurbjarts að mikið rask yrði ef eldhúsið verður fært með tilheyrandi kostnaðarauka. Einnig kom fram í máli Sigurbjarts að framkvæmdir munu reina á núverandi íbúa í ljósi skarkala við framkvæmdir. Því mikilvægt að núverandi íbúar verði vel upplýstir um það tímalega fyrir framkvæmdir.

Fundi slitið kl. 18:15